

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurgjald fyrir bráðnað peninga.* — Fjárhagsstjórn ríkisins hefir skýrt frá því, að hún hafi meðtekið frá Þorvaldi hjeraðslækni Jónssyni á Ísafirði peninga nokkra, er bráðnað hafi saman í eldsvoða í Vigur og tilheyrðu vinnumanni nokkrum, og að hjeraðslæknirinn hafi farið þess á leit, að vinnumanninum yrði greidd peningaupphæð sú, er samsvarandi verðhæð hinna saman bræddu peninga. Í annan stað hefir fjárhagsstjórnin beiðzt þess, að ráðgjafinn vildi hlutast til um, að upphæð sú, er fengizt hefir fyrir peninga þessa, þegar þeir voru bræddir í stöng í hinni konunglegu peningasmíðu, verði greidd Þorvaldi hjeraðslækni Jónssyni úr jarðabókarsjóði Íslands með 158 kr. 50 a., með því jafnmikil upphæð er talin jarðabókar-sjóðnum til inntektar í viðskiptum hans við ríkissjóðinn.

Um leið og hið framanskráða er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-ingar fyrir hlutadeigöndum, vil jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra lands-höfðingi, vilduð þóknanlega hlutast til þess, að fyrnefnd upphæð, 158 kr. 50 a., verði greidd úr jarðabókarsjóði, sem gjald fyrir ríkissjóðinn til hjeraðslæknis Þorvaldar Jóns-sonar á Ísafirði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* — Eptir að mjer með þóknanlegu brjefi frá 12. f. m. hefir borizt álit yðar, herra landshöfðingi, viðvíkjandi því, hvernig verja skuli fje viðlagasjóðsins, undanfelli jeg ekki að gefa yður til þóknanlegrar vitundar það, er hjer segir:

Ráðgjafinn er allsendis fús til þess, að verða við þeirri ósk, sem alþingi og þjer, herra landshöfðingi, hafið látið í ljósi um það, að afgangi þeim, er viðlagasjóði er ætlaður og ávaxtaður verður, einkum verði varið til lána á Íslandi. Yður, herra lands-höfðingi er það og kunnugt, að ráðgjafinn hefir eigi nokkru sinni synjað slíkra lána, þegar fje til þeirra hefir verið fyrir hendi og nægileg trygging boðin, enda hafa lán-veitingar farið sívaxandi, einkum í fyrra, þegar ráðgjafinn eptir tillögu landshöfðingja með brjefi frá 15. ágúst¹ leyfði, að verja mætti 30000 krónum í þessum tilgangi. Af þessu hefir leitt, að af fje viðlagasjóðsins hefir verið varið nálægt 300000 kr. til lána á Íslandi.

En jafnframt þessu verður þó ráðgjafinn að ætla, að það eigi muni heppilegt, að verja gjörvöllu fje viðlagasjóðsins á þennan hátt, heldur muni þvert á móti nauðsyn-legt, að verja nokkrum hluta af fje hans til einhverra þeirra eigna, sem auðkomið yrði í peninga, þar sem að öðrum kosti myndi reka að því, að ef verja þyrfti fje sjóðsins til þess, að framkvæma einhvern sjerstaklegan tilgang eða til fyrirtækja, er almenning varða, þá yrði nauðugur einn kostur, að segja lausum lánunum á þeim tíma, sem eptir því, sem til hagar á Íslandi með peninga og lán, optlega myndi vera lántakanda mjög svo óhagkvæmur. Þótt nú ráðgjafinn hafi ætlað, að sjer eigi bæri að hafa á móti til-lögum alþingis í ár um, að af innritunarskirteini því, sem hjer er, mætti verja rúmum 200000 kr. til brúa og húsagjörða á Íslandi, þá munu þó veitingar þessar höggva svo stórt skarð í þann hluta af fje viðlagasjóðsins, er hjer ræðir um, að það að líkindum mun vera óráðlegt að minnka hann meira.

Í brjefi ráðgjafans frá 25. sept. síðastl. var bent á það, að ástæða kynni að vera til, að ákveða nákvæmar með lögum reglur fyrir því, hvernig verja ætti fje við-lagasjóðsins, en þjer, herra landshöfðingi, hafið aptur á móti ætlað, að þessa muni ekki

1) sjá stjórnartíð. 1878 B. 129.